

Föstudaginn 4. nóv. 1932.

Nr. 137/1932. **Réttvísni** (Stefán J. Stefánsson).

gegn

Gunnari Gunnarssyni

(Pétur Magnússon).

Innbrot.

Dómur aukaréttar Árnessýslu 29. júlí 1932: Kærður, Gunnar Gunnarsson, við Búðarstíg á Eyrarbakka, sæti 150 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39, 16. nóvbrm. 1907 eru haldin.

Svo greiði kærður allan sakarkostnað.

Dómi þessum að fullnægja að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstaréttar.

Aðfaranótt 27. febr. þ. á. var farið inn í sölubúð Þorkels Ólafssonar á Eyrarbakka og þaðan stolið 50—60 krónum í peningum. Það er ekki sannað gegn neitun ákærða, að hann sé valdur að þessu verki og verður því, að því leyti sem málshöfðun í máli þessu getur tekið til þess, að sýkna ákærða.

Verknaður sá, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi og ákærði hefir kannast við að hafa framið, verður að teljast til þeirra tegunda brota, sem í 4. tölu-lið 231. gr. almennra hegningarlaga segir. Það getur ekki skipt máli um hegningu hins ákærða, þótt hann hafi verið undir áhrifum áfengis, þegar hann framdi brotið, með því að aðferð hans öll við verknaðinn sýnir, að honum hefir verið fyllilega ljóst hvað hann var að aðhafast. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin samkv. 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 51, 7. maí 1928, 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fresta skal fullnustu

refsingarinnar samkvæmt lögum nr. 39/1907, og niður skal hún falla, ef skilorð laga þessara eru haldin. Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda þar, er ákveðin eru 30 kr., og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 kr. til hvors.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærði, Gunnar Gunnarsson, á að sæta 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fresta skal fullnustu refsingarinnar samkvæmt lögum nr. 39/1907 og niður skal hún falla, ef skilorð téðra laga eru haldin. Svo greiði ákærði allan sakarkostnað í héraði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda þar, hæstaréttarmálaflutningsmanns Guðmundar Ólafssonar, 30 kr., og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálaflutningsmannanna, Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Péturs Magnússonar, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Aðfaranótt hins 12. maímán. síðastl. framdi kærður innbrot í verzlunarbúð Þorkels Ólafssonar, kaupmanns á Eyrarbakka, laust fyrir miðnætti. Tók hann rúðu úr glugga að húsbaki, með þeim hætti, að hann losaði kittið úr fölsun-

um og rétti upp smánagla, er rúðan var fest með, með flatrí bilatöng, sem hann kveðst hafa haft á sér, skreið inn um rúðuna og komst þannig inn í vörugeymslu verzlunarinnar. Tók hann þar 3 kústhausa, er kostuðu 1 kr. 45. a. hver, en er hann ekki komst úr herberginu inn í búðina, fór hann út um gluggann, er var á hjörum, og lagði kústhausana af sér við húsið. Síðan fór hann að glugga, einnig að húsbaki, á verzlunarskrifstofunni, tók neðstu rúðuna úr, með sama hætti, fór þar inn í búðina og tók úr peningaskúffu 3 krónupeninga og 50 aura. Opnaði hann svo gluggann og fór út með peningana, en skildi kústhausana eftir. Annan dag eftir keypti ákærður og lét kaupa fyrir sig fyrir þýfið brennsluspíritus og brjóstasaft í lyfjabúðinni á Eyrarbakka, en með því 2 krónupeningarnir, er stolið var, voru auðkenndir með rispu, bárust böndin að honum, og játaði kærður í fyrsta þinghaldi, að hafa framið innbrotið. Það er upplýst, að kærður var nokkuð drukkinn, er hann framdi verknaðinn.

Kærður er fæddur 8. nóvember 1902, og hefir eigi fyrr sætt ákæru fyrir misbrot, og bætt hefir hann brot sitt að fullu. Afbrot kærðs á undir 231. gr. hegningarlaganna, og með því að húsið var mannlaust, virðist með tilliti til 40. gr. sömu laga hegning hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 150 daga, en rétt þykir að fresta fullnustu refsingarinnar. Svo greiði kærður sakarkostnað, en með því að talsmaður hefir krafizt að málsvarnarlaun verði sér dæmd af almannafé, en ekki að kærður verði dæmdur til að greiða sér þau, verða þau honum eigi til dæmd.

Enginn óþarfur dráttur hefir orðið á málinu.